

**Héraðsfundur Austurlandsprófastsdæmis**  
**Kirkjumíðstöðinni á Eiðum 11.apríl 2021 kl. 11-17**

*Vinsamlegast fyllið inn í eftir því sem við á í stuttu máli.*

*Starfssemi í: Norðfjarðarsókn Hefðbundið helgihald.*

Helgihald hefur verið markað af ástandinu í þjóðfélaginu á þessum tíma og verið í minna lagi, og aðeins tvær messur verið haldnar með hefðbundnu sniði frá síðasta héraðsfundi. Þá hefur verið brugðið á það ráð að streyma viðburðum á netinu og hefur það tekist ágætlega.

Jarðarfarir hafa farið fram með þeim takmörkunum sem gilt hafa og ýmist með kór eða utanaðkomandi aðila hafa séð um söng.

**Kórastarf:**

Starf kórs hefur einnig mótast af ástandinu í þjóðfélaginu og aðeins haldnar æfingar í tengslum við helgihald og jarðarfarir sem kórinn hefur tekið þátt í.

**Barna- og æskulýðsstarf:**

Starf við barna og æskulýðsstarf hefur verið í höndum sóknarprests

**Starfsfólk í kirkjustarfi:**

Meðhjálpari og organisti eru í starfi hjá kirkjunni auk starfsmanns sem sinnir þrifum

*Annað, en hefðbundið helgihald(s.s. Biblíulestrar, tólf spora starf):*

Ekki hefur verið annað starf á vegum kirkjunar en fullur hugur er að koma því á þegar aðstæður leyfa

*Sérstakir kirkjulegir viðburðir(utan hefðbundinnar þjónustu, s.s. kirkjuafmæli, vísitasíur eða annað):*

*Viðhald á kirkjuhúsi/safnaðarheimili(sérstakar framkvæmdir utan hefðbundins reksturs):*

Ekkert varð úr því viðhaldi sem fyrirhugað var vegna skorts á iðnaðarmönnum, en nú hillir undir að það starf geti farið að hefjast

**Kaup á nýjum munum eða gjafir til helgihalds (s.s vegna streymis):**

Kirkjan fékk að gjöf streymisbúnað til að streyma athöfnum ásamt viðbót við hljóðkerfi kirkjunnar sem gerir tónlistarmönnum kleift að tengjast hljóðkerfinu á auveldan hátt og kemur það sér vel nú á þessum tímum.

**Kirkjugarður/ar(framkvæmdir, aðrar en venjubundin hirðing):**

Unnið er að framkvæmdum við minningarreit um óþekkta sjómanninn.